

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1977

7. janúar 1977.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi.

Hinn 26. september 1976 gekk í gildi samningur um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi, gerður í London hinn 1. júní 1967.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 12. maí 1969 og þá birtur (sjá Stjórnartíðindi C-deild, auglýsingu nr. 6/1969).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, Reykjavík, 7. janúar 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

9. febrúar 1977.

Nr. 2.

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins.

Samkvæmt heimild í 41. grein d. lið stofnskrár Evrópuráðsins var við endurnýjun aðildar Grikklands að ráðinu gerð breyting á 26. grein stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins (sjá auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 9/1971). Var ákveðið að Grikkland skyldi öðlast rétt á 7 fulltrúum á þinginu. Tók breyting þessi gildi hinn 9. desember 1974.

Þá hefur í sambandi við aðild Portúgals að ráðinu verið ákveðið á grundvelli sömu heimildar að það ríki skuli einnig eiga rétt til 7 fulltrúa. Tók sú breyting gildi hinn 2. október 1976.

26. grein stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal auglýsingar þessarar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, Reykjavík, 9. febrúar 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

C 1

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar þannig:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa, sem hér segir:

Austurríki	6
Belgía	7
Kýpur	3
Danmörk	5
Frakkland	18
Sambandslýðveldið Þýskaland	18
Grikkland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Luxembourg	3
Malta	3
Holland	7
Noregur	5
Portúgal	7
Svíþjóð	6
Sviss	6
Tyrkland	10
Hið sameinaða konungsríki Stóra- Bretlands og Norður-Írlands	18“

Gjört í Strasbourg hinn 2. október 1976.

The amended text of Article 26 is worded as follows:

“Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austria	6
Belgium	7
Cyprus	3
Denmark	5
France	18
Federal Republic of Germany	18
Greece	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Luxembourg	3
Malta	3
Netherlands	7
Norway	5
Portugal	7
Sweden	6
Switzerland	6
Turkey	10
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18”

Done at Strasbourg, this 2nd day of October 1976.

AUGLÝSING**um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga.**

Hinn 4. febrúar 1977 var undirrituð í Reykjavík niðurstaða viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um heimildir annars vegar Íslendinga til kolmunnaveiða innan fiskveiðimarka Færeyja og hins vegar Færeyinga til loðnuveiða við Ísland.

Niðurstaðan er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Sú skipan veiða, sem gert er ráð fyrir í niðurstöðunni tók gildi hinn 8. þ. m. að gefnu samþykki Alþingis og Lögþings Færeyja. Gildistími er takmarkaður samaber nánar fylgiskjal.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. febrúar 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.